

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstaðir, 9. mars 2007

**Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um losun gróðurhúsalofttegunda.**

Skógrækt ríkisins fagnar eindregið framkomnu frumvarpi og leggur til að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Jafnframt er Skógrækt ríkisins kunnugt um athugasemdir landbúnaðarráðuneytisins við frumvarpið og styður þær eindregið. Skógrækt ríkisins gerir auk þess eftirfarandi athugasemdir:

**5.gr.**

Lagt er til að eftirfarandi msl. verði bætt inni greinina í framhaldi af umfjöllun um hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands:

*Skógrækt ríkisins safnar upplýsingum varðandi skóga og skógrækt og skilar þeim til Landbúnaðarháskóla Íslands.*

**Rök:**

Þetta kann að virðast vera einum of mikið smáatriði en er þó mikilvægt. Í fyrsta lagi er um að ræða staðfestingu á því hvernig þessum málum er háttað nú. Í öðru lagi er skógrækt líkleg til að verða veigamesti þátturinn í bindingu koldíoxíðs hér á landi og því eðlilegt að fjalla um hana sérstaklega. Í þriðja lagi er Skógrækt ríkisins eina stofnunin sem er í stakk búin til að safna upplýsingum um kolefnisbindingu með skógrækt.

**14. gr.**

Lagt er til að 1. msl. verði:

*Atvinnurekstri er heimilt að afla sér losunarheimilda á annan hátt en með úthlutun losunarheimilda skv. 9. gr., svo sem með fjármögnun verkefna á sviði bindingar kolefnis í skógi, öðrum gróðri og jarðvegi,...*

**Rök:**

Eðlilgt er að tilgreina skóg sérstaklega þar sem skógrækt er líkleg til að verða helsta leiðin til öflunar losunarheimilda. Kolefnisbinding með öðrum gróðri en skógi verður mjög lítil samanborði við bindingu í skógi annars vegar og jarðvegi hins vegar miðað við þær rannsóknir sem fram hafa farið á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Landgræðslunnar og Rala (nú Landbúnaðarháskóla Íslands).

F.h. Skógræktar ríkisins

Þröstur Eysteinnsson